

Norðfirðingur

2 tbl. 34. árgangur

mai 2008

Góð mæting á aðalfund og sólarkaffið !

Að venju voru sólarkaffi og aðalfundur Norðfirðingafélagsins sameinuð. Félagsmenn lögðu til pönnukökur og annað meðlæti með kaffinu. Gestir voru um 100 talsins. Fundarstjóri var Gísli Gíslason. Það var sérstaklega ánægjulegt að sjá að bæði ungir sem aldnir mættu. Allir er stigu í pontu kyntu sig en einnig hverjir foreldrar og jafnvel ömmur og afar væru.

Til skemmtunar voru upplestur Jóns Knúts Ásmundssonar úr bók sinni Nesk og Elísabetar Karlsdóttur úr hálftrar alda sögu Síldarvinnslunnar hf. eftir Smára Geirsson. Þá tók Davíð Samúelsson lagið við undirleik Heiðmars Jónssonar, m.a kvæðið um Rasmus í Görum við góðar undirtektir.

Formaður félagsins, Elín Guðmundsdóttir flutti skýrslu stjórnar, og gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins. Á árinu var gengið frá sölu á húseign félagsins við Hafnarbraut í samræmi við samþykkt aðalfundar 4. febrúar 2007. Af söluandvirði íbúðarinnar hafði stjórnin veitt smá styrk til Hollvinasamtaka Fjórðungs-sjúkrahússins, en að öðru leyti er því óráðstafað. Davíð Samúelsson kynnti hugmynd um að koma upp veglegum bekk á góðum stað í bænum með

minningarskyldi sem minnti á hina höfðinglegu gjöf sona Herberts Jónssonar.

Talsverðar breytingar urðu á stjórn félagsins, þar sem Elín Guðmundsdóttir, Davíð Samúelsson, Eysteinn Arason og Katrín Brynjarsdóttir gáfu ekki kost á endurkjöri. Var þeim þakkað fyrir ötult starf í þágu félagsins. Ný stjórn var kosin og á fyrsta sjórnarfundi skipti hún með sér verkum:

- Gísli Gíslason, formaður,
- Gunnar Karl Guðmundsson, gjaldkeri.
- Hákon Aðalsteinsson, ritari,
- Þorsteinn Sigurðsson, heimasíðustjóri,
- Jón Karlsson, meðstjórnandi,
- Elísabet Karlsdóttir, meðstjórnandi,
- Hólmfríður Guðjónsdóttir, meðstjórnandi,
- Birna Hilmarsdóttir, meðstjórnandi,
- Draupnir Rúnar, meðstjórnandi,

Á fyrsta sjórnarfundi var jafnframt ákveðið að halda fasta sjórnarfundi annan laugardag í hverjum mánuði kl. 11.00 í Perlunni. Næsti sjórnarfundur er þann 14.júní.

Gönguferð um Mosfellsdal með Birgi Sveinssyni.

Birgir Sveinsson mun leiða hópinn um söguslóðir í Mofellsdal laugardaginn 17. maí.

**Mæting við sundlaugina í Mosfellsbæ kl. 10.20
Allir að mæta !**

Minningartónleikar

Fimmtudag fyrir Sjómannadagshelgi þann 29.mai n.k. verða haldnir minningartónleikar um Höskuld Stefánsson í Neskaupstað. Tónleikarnir verða í Egilsbúð. Á meðal þeirra sem spila eru sonur Höskuldar, Stefán Höskuldsson og með honum Jónas Ingimundarson. Aðrir sem koma fram eru m.a. Daníel Þorsteinsson, Sigurður Þorbergsson, Bjarni Freyr Ágústsson og Félag harmonikku unnenda í Neskaupstað (FHUN). Hver sá sem ætlar austur í fjórðin fagra um Sjómannadagshelgina ætti ekki að láta þennan þennan merka menningarviðburð framhjá sér fara.

Dagatal 2008

Dagatal Norðfirðingafélagsins er stórglæsilegt. Þemað er "félagasamtök fyrir 1967". Það hefur einstaklega vel tekist til og vonandi eiga félagsmenn og aðrir eftir að eiga góðar stundir með dagatalinu. Hægt er að fá fleiri eintök hjá holmfridurgg@internet.is, símar: 5687337 og 6648235.

Laugardagsmorgunkaffi

Nú um nokkurt skeið hafa Norðfirðingar komið saman fyrsta laugardagsmorgun í hverjum mánuði á Kaffitári í Perlunni. Miðað hefur verið við hittast upp úr 9:30. Jón Karlsson og Hákon Aðalsteinsson hafa séð um að halda fólki við efnið. Næsta laugardagskaffi er 9. júní. Þetta er eitthvað sem allir ættu að prófa.

Sjómannadagskaffi

Norðfirðingafélagið heldur sitt árlega sjómannadagskaffi þann 1.júní kl. 15.00-17.00 á Kaffi Reykjavík. Allir Norðfirðingar sunnanlands hvattir til að mæta.

Næstu viðburðir

Gönguferð í Mosfellsbæ. þann 17.mai mæting kl 10.20 við sundlaugina í Mosfellsbæ.

Sjómannadagskaffi á Kaffi Reykjavík þann 1.júní kl. 15.00-17.00

Laugardagskaffi þann 7.júní kl. 9.30 í Kaffitár í Kringlunni

Munið **dagatalið** þar er staðar og stundar getið.

Félagatalið

Sem fyrr viljum við biðja félagsmenn að hjálpa okkur við að fjölga félagsmönnum því fleiri félagsmenn því öflugra félag og meira og fjölbreyttara félagsstarf. Þeir sem telja sig hafa dottið út af félagatalinu þurfa að láta Þorstein Sigurðsson vita. steini@hafro.is eða í síma 5861708, 8221709.

Heimasíða félagsins : <http://www.nordfirdingafelagid.is>

Sjá póstlista félagsins:

<http://sites.google.com/a/nordfirdingafelagid.is/nor-fir-ingaf-lagi-/P%C3%B3stlisti>